

**ÁKVÖRDUN nr. 198****frá 23. mars 2004****um að skipta út og hætta notkun fyrirmynda að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 110, E 111, E 111 B, E 113, E 114, E 119, E 128 og E 128 B)****(Texti sem varðar EES og samning ESB og Sviss)**

(2004/562/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI  
FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja<sup>(1)</sup>, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972<sup>(2)</sup>, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa fyrirmyndir að skjölum sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 103 – E 127)<sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 177 frá 5. október 1999 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 128 og E 128 B)<sup>(4)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 179 frá 18. apríl 2000 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 111, E 111B, E 113 – E 118 og E 125 – E 127)<sup>(5)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 187 frá 27. júní 2002 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 111 og E 111B)<sup>(6)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 191 frá 18. júní 2003 um að Evrópska sjúkratryggingakortið komi í stað eyðublaða E 111 og E 111B<sup>(7)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að aðlagja þau eyðublöð sem á að nota við beitingu reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 í tengslum við inngöngu hinna tíu nýju aðildarríkja í Evrópusambandið 1. maí 2004.
- 2) Frá og með 1. júní 2004 skal Evrópska sjúkratryggingakortið koma í stað eyðublaðanna E 111 og E 111B í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í ákvörðun nr. 191. Eyðublöð E 111 og E 111B, sem eru afhent fyrir 1. júní 2004, gilda áfram til 31. desember 2004 nema styttri gildistími sé tilgreindur á þeim.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 (Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 631/2004.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 244, 19.9.1994, bls. 22.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 302, 1.12.2000, bls. 65.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 54, 25.2.2002, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 93, 10.4.2003, bls. 40.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 19.

- 3) Enn fremur má veita þeim aðildarríkjum, sem eru á skrá í viðaukanum við ákvörðun nr. 197 frá 23. mars 2004, aðlögunartíma vegna innleiðingar Evrópska sjúkratryggingakortsins. Því munu þar til bærar stofnanir í þessum aðildarríkjum halda áfram að gefa út eyðublað E 111 á grundvelli fyrirmyndar, sem sýnd er í viðaukanum við þessa ákvörðun, til 31. desember 2005.
- 4) Með reglugerð (EB) nr. 631/2004 var reglugerð (EBE) nr. 1408/71 breytt á þann hátt að frá 1. júní 2004 eiga allir flokkar tryggðra einstaklinga rétt á aðstoð, sem telst nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan þeir dveljast í öðru aðildarríki. Því verða eyðublöð E 110, E 128 og E 128B óþörf frá og með þeim degi. Auk þess varðar eyðublað E 119 eingöngu bætur í peningum frá og með þeim degi.
- 5) Samkvæmt framangreindri EB-reglugerð verða 6. og 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 felldar niður frá og með 1. júní 2004. Því er nauðsynlegt að hætta að nota eyðublöð E 113 og E 114.
- 6) Ákvæði VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) frá 2. maí 1992, sem bætt var við með bókun frá 17. mars 1993, eru til framkvæmdar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 7) Evrópubandalagið og aðildarríki þess annars vegar og Ríkjasambandið Sviss hins vegar hafa undirritað samning um frjálsa för fólks (svissneski samningurinn) sem öðlaðist gildi 1. júní 2002. Ákvæði II. viðauka við þennan samning eru til framkvæmdar reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 í samskiptum milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og Ríkjasambandsins Sviss hins vegar.
- 8) Til hagræðingar skal nota sams konar eyðublöð innan Bandalagsins, innan Evrópska efnahagssvæðisins og í samskiptum milli Bandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Fyrirmyndin, sem er að finna í viðaukanum við þessa ákvörðun, skal koma í stað fyrirmyndarinnar að eyðublaði E 119 sem er að finna í ákvörðun nr. 153.
2. Frá 1. júní 2004 til 31. desember 2005 skal fyrirmyndin, sem er að finna í viðaukanum við þessa ákvörðun, koma í stað fyrirmyndarinnar að eyðublaði E 111 sem er að finna í ákvörðun nr. 187. Að meginreglu til gilda allar reglur, samkvæmt ákvörðun nr. 190, um gögn á Evrópska sjúkratryggingakortinu sem unnt er að skanna, um fyrirmynd að eyðublaði E 111 að því er varðar lýsingu, gildi, lengd og upplýsingar í gagnareitum.
3. Frá og með 1. júní 2004 skal hætta að nota fyrirmynd að eyðublöðum E 113 og E 114 sem er að finna í ákvörðun nr. 179.
4. Frá og með 1. júní 2004 skal hætta að nota fyrirmynd að eyðublaði E 110, sem er að finna í ákvörðun nr. 153, og fyrirmynd að eyðublöðum E 128 og E 128B sem er að finna í ákvörðun nr. 177.
5. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu láta hlutaðeigandi aðilum (lögmætum umsækjendum, stofnunum o.s.frv.) eyðublöðin í té í samræmi við fyrirmyndir að þeim sem er að finna í viðauka við þessa ákvörðun.
6. Hvert eyðublað skal vera fánlegt á opinberum tungumálum Bandalagsins. Fyrirmyndirnar skulu þannig úr garði gerðar að mismunandi tungumálaútgáfur hafi nákvæmlega sama útlit.
7. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún öðlast gildi 1. júní 2004.

*Formaður framkvæmdaráðsins.*

Tim QUIRKE

VIÐAUKI

**FRAMKVÆMDARÁÐ UM  
FÉLAGSLEGT ÖRYGGI  
FARANDLAUNÞEGA**

E 111  ¶

**VOTTORÐ UM RÉTT TIL AÐSTODAR VIÐ DVÖL Í ÖÐRU AÐILDARRÍKI**

(Þetta eyðublað má eingöngu nota í tilteknum ríkjum og er til bráðabirgða). Óheimilt er að gefa út eða nota eyðublað E 111 eftir 31. desember 2005 en á þeim degi verður Evrópska sjúkratryggingakortinu dreift í öllum aðildarríkjunum)

**Athugið!**

Þetta skjal veitir engan rétt ef tilgangur ferðarinnar er að leita sér lækninga erlendis

*Upplýsingar um aðstoðarþega*

1. Nafn/Nöfn:	<input type="text"/>
2. Eiginnafn/-nöfn:	<input type="text"/>
3. Fæðingardagur og -ár:	<input type="text"/>
4. Kennitala ( <sup>2</sup> ):	<input type="text"/>

*Upplýsingar um stofnunina*

5. Heiti stofnunarinnar:	<input type="text"/>
6. Kenninúmer stofnunarinnar:	<input type="text"/>

*Gildistími eyðublaðsins*

a) Frá:	<input type="text"/>
b) Til:	<input type="text"/>

*Útgáfudagur eyðublaðsins*

c) <input type="text"/>
-------------------------

*Undirskrift og innsigli stofnunarinnar*

d)
----

**LEIÐBEININGAR****Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum**

- a) Þetta eyðublað er persónulegt og ekki framseljanlegt.
- b) Þetta skjal gerir tryggðum einstaklingi og aðstandendum hans kleift að þiggja hvers kyns aðstoð, sem telst nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum, meðan þeir dveljast í öðru aðildarríki.
- c) Ef einstaklingur þarfnast aðstoðar, þ.m.t. innlögna á sjúkrahús, skal hann afhenda þeim sem veitir heilbrigðisaðstoð þetta skjal.

**ATHUGASEMDIR**

- <sup>(1)</sup> Tákn fyrir landið þar sem stofnunin sem fyllir út eyðublaðið hefur aðsetur: IT = Ítalía, NL = Holland, AT = Austurríki, PT = Portúgal, UK = Breska konungsríkið, IS = Ísland, LI = Liechtenstein, CY = Kýpur, LV = Lettland, LT = Litháen, HU = Ungverjaland, MT = Malta, PL = Pólland, SK = Slóvakía, CH = Sviss.
- <sup>(2)</sup> Ef aðstandandi hefur ekki kennitölu skal tilgreina kennitölu þess einstaklings sem réttindi aðstandanda byggjast á.

**FRAMKVÆMDARÁÐ UM  
FÉLAGSLEGT ÖRYGGI  
FARANDLAUNÞEGA**

E 119

 <sup>4</sup>

**VOTTORÐ ER VARÐAR RÉTT ATVINNULAUSRA EINSTAKLINGA OG AÐSTANDENDA ÞEIRRA TIL BÓTA Í PENINGUM**  
(Þar til bær stofnun skal gefa eyðublaðið út fyrir atvinnulausan einstakling eða senda það til stofnunar á búsetu- eða dvalarstað ef eyðublaðið er útbúið að beiðni síðarnefndu stofnunarinnar).

Upplýsingar um þann sem fær bætur í peningum

1. Kenninafn/-nöfn:	<input type="text"/>
2. Eiginnafn/-nöfn:	<input type="text"/>
3. Fæðingardagur og -ár:	<input type="text"/>
4. Kennitala <sup>(2)</sup> :	<input type="text"/>
5. Heimilisfang í landinu þar sem viðkomandi er í atvinnuleit:	<input type="text"/>

Upplýsingar um stofnun á búsetu- eða dvalarstað <sup>(3)</sup>

6. Heiti stofnunarinnar:	<input type="text"/>
7. Kenninúmer stofnunarinnar:	<input type="text"/>
8. Heimilisfang:	<input type="text"/>
9. Eyðublað þitt <input type="checkbox"/> E 107 frá <input type="text"/> <input type="checkbox"/> E 115 frá <input type="text"/>	

10. Framangreindur einstaklingur á rétt á bótum í peningum.

- 10.1.  fyrir sjálfan sig
- 10.2.  fyrir aðstandendur sína

11. Ef um er að ræða óvinnufærni er heimilt að greiða bætur í peningum.

11.1.  þann tíma sem er ekki umfram tímann sem viðkomandi á rétt til atvinnuleysisbóta

11.2.  vegna veikinda sem upp hafa komið fram að / / / / /  að honum meðtöldum,  
og vara í  daga  vikur

12. Bætur í peningum

12.1.  verða greiddar af okkur

12.2.  af þér fyrir okkar hönd

13. Bætur skulu greiddar

13.1.  fyrir sömu vikudaga og gilda fyrir atvinnuleysistryggingar

13.2.  fyrir alla daga vikunnar nema

<input type="checkbox"/> Mánudag	<input type="checkbox"/> Þriðjudag	<input type="checkbox"/> Miðvikudag
<input type="checkbox"/> Fimmtudag	<input type="checkbox"/> Föstudag	<input type="checkbox"/> Laugardag
<input type="checkbox"/> Sunnudag		

14. Sú nettófjárhæð sem reiknast til greiðslu daglega<sup>(4)</sup>

14.1.  er sú sama og gildir fyrir atvinnuleysistryggingar

14.2.  er ..... ef hinn tryggði liggur ekki á sjúkrahúsi  
eða ..... ef hann liggur á sjúkrahúsi

*Upplýsingar um þar til bæra stofnun*

15. Heiti stofnunarinnar:

16. Kenninúmer stofnunarinnar:

17. Heimilisfang:

18. Stimpill:

19. Dagsetning:

20. Undirskrift:

## LEIDBEININGAR

## Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum

Upplýsingar fyrir hinn atvinnulausa:

Við óvinnufærni eða vegna sjúkráhusvistar verður viðkomandi (nema hann sé staddur í Hollandi), til þess að fá bætur í peningum, að leggja fram hjá eftirfarandi stofnun það eyðublað, sem um getur hér að framan, og vottorð um óvinnufærni sem lækurinn, sem stundar hann, gefur út:

í **Belgíu**, „mutualité“ að eigin vali (staðarsjúkratryggingasjóðnum),  
 í **Danmörku**, „kommunekantoret på opholdsstedet“ (stjóm sveitarfélagsins á dvalarstað),  
 í **Býskalandi**, sjúkrasjóði að eigin vali,  
 í **Grikklandi**, að öðru jöfnu almannatryggingastofnun héraðsins eða staðarins (IKA),  
 á **Spáni**, „Dirección Provincial del Instituto Nacional de Seguridad Social“ (héraðsskrifstofu almannatryggingastofnunar ríkisins), á dvalar- eða búsetustað,  
 í **Frakklandi**, „Caisse primaire d'assurance-maladie“ (staðarsjúkratryggingasjóðnum),  
 á Írlandi, „Department of Social and Family Affairs“ (félags- og fjölskyldumálaráðuneytinu),  
 á **Ítalíu**, „Azienda sanitaria locale“ (ASL) sem ber ábyrgð á viðkomandi svæði,  
 í **Lúxemborg**, „Caisse de maladie des ouvriers“ (sjúkratryggingasjóði fyrir verkafólk),  
 í **Hollandi** verður viðkomandi að tilkynna óvinnufærni til „het Uitvoering werknemersverzekeringen“ (UWV),  
 í **Portúgal í landinu sjálfu**, „Instituto de Solidaridade e Segurança Social - Centro Distrital de Solidaridade et Segurança Social“ (almannatryggingamiðstöð héraðsins); á **Madeira**, „Centro de Segurança Social da Madeira“ (almannatryggingaskrifstofu héraðsins), Funchal;  
 á **Asoreyjum**, „Centro de Prestações Pecunarias“ (almannatryggingaskrifstofu héraðsins), Angra do Heroísmo,  
 í **Breska konungsríkinu**, „Department for Work and Pensions (ráðuneyti atvinnu- og lífeyrismála), the Pension Service, International Pension Centre, Tyneview Park, Newcastle-upon-Tyne“, eða á Norður-Írlandi, „the Department for Social Development (félagsþróunarráðuneytinu), Overseas Benefits Unit, Block 2, Castle Buildings, Belfast“,  
 í **Austurríki**, þar til bærri „Gebietskrankenkasse“ (sjúkratryggingasjóði héraðsins) á búsetu- eða dvalarstað,  
 í Finnlandi, staðarskrifstofu „Kansaneläkelaitos“ (almannatryggingastofnunar),  
 á **Íslandi**, „Tryggingastofnun ríkisins“, Reykjavík,  
 í **Liechtenstein**, „Amt für Volkswirtschaft“ (þjóðhagsstofnun) í Vaduz,  
 í **Noregi**, „lokale Trygdekontor“ (almannatryggingaskrifstofu) á búsetu- eða dvalarstað,  
 í **Svíþjóð**, „försäkringskassan“ (almannatryggingaskrifstofu) á búsetu- eða dvalarstað,  
 í **Sviss**, „Institution commune LAMal-Istituzione comune LAMal- Gemeinsame Einrichtung KVG“ (sameiginlegri stofnun samkvæmt sambandslögum um sjúkratryggingar), Solothurn,  
 í **Tékklandi**, „územní organizační jednotky České správy“,  
 í **Lettlandi**, „Valsts sociālās apdrošināšanas aģentūra“ (almannatryggingastofnun ríkisins),  
 í **Litháen**, „Valstybinio socialinio draudimo fondo valdybos teritoriniai skyriai“ (svæðisútibúi stjórnar almannatryggingasjóðs ríkisins)  
 í **Slóvakíu**, „Sociálna poisťovňa“ (almannatryggingaskrifstofunni), Bratislava,  
 í **Eistlandi**, „Eesti Haigekassa“ (sjúkratryggingasjóði Eistlands),  
 á **Möltu**, „the department of Social Security“ (almannatryggingaráðuneyti), Valetta,  
 í **Póllandi**, „Wojewódzkiego Urzędu Pracy“ (WUP),  
 í **Ungverjalandi**, þar til bærri staðarskrifstofu „Megyei Egészségbiztosítási Pénztár“ (héraðsheilbrigðisskrifstofu),  
 í **Slóveníu**, þar til bærri héraðsskrifstofu „Zavod za zdravstveno zavarovanje Slovenije (ZZZS“ (heilbrigðistryggingastofnun Slóveníu) á búsetu- eða dvalarstað,  
 á **Kýpur**, heilbrigðisráðuneytinu.

**ATHUGASEMDIR**

- (<sup>1</sup>) Tákn fyrir landið sem stofnunin, er fyllir út eyðublaðið, tilheyrir: BE = Belgía, DK = Danmörk, DE = Þýskaland, GR = Grikkland, ES = Spánn, FR = Frakkland, IE = Írland, LU = Lúxemborg, FI = Finnland, SE = Svíþjóð, IT = Ítalía, NL = Holland, AT = Austurríki, PT = Portúgal, UK = Breska konungsríkið, NO = Noregur, IS = Ísland, LI = Liechtenstein, CZ = Tékkland, CY = Kýpur, EE = Eistland, LV = Lettland, LT = Litháen, HU = Ungverjaland, MT = Malta, PL = Pólland, SI = Slóvenía, SK = Slóvakía, CH = Sviss.
- (<sup>2</sup>) Ef aðstandandi hefur ekki kennitölu skal tilgreina kennitölu þess einstaklings sem réttur viðkomandi einstaklings byggist á.
- (<sup>3</sup>) Fyllist eingöngu út ef eyðublaðið er gefið út að beiðni stofnunar á búsetu- eða dvalarstað.
- (<sup>4</sup>) Fyllist eingöngu út ef stofnun á búsetu- eða dvalarstað greiðir bætur í peningum.
-